

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu genir Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V/1.17	
Staður og stund: Reykjavík – Mánudaginn 19. maí 2005. Klukkan. 12:00.			
Sakarefni: Ætluð brot á XXVI. kafla alm. hgl. - Fjárdráttur			
Sakborningur/grunaður: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739		
Starf/staða: Fyrirverandi forstjóri Baugs-Group hf.	Vinnusími: 590 5500		
Lögheimili: Vesturhús 22, 112 Rvík.	Sími: 567 6363		
Dvalarstaður:	Sími:		

Tryggvi er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Tryggva er tjáð að hann sé með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sem honum er gefið að sök en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Með Tryggva er mættur Andri Árnason hrl, en hann er skipaður verjandi Tryggva. Viðstaddur yfirheyrsluna er Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi.

Tryggva er kynnt að nú verði honum kynntar niðurstöður rannsóknar lögreglu vegna greiðslu Aðfanga á aðflutningsgjöldum vegna sláttuvélatraktors og fylgihluta sem flutt var inn með vörum frá Nordica Inc. í Bandaríkjunum til Aðfanga. Tryggvi var seinast spurður um þetta efni 26. júlí 2004 og kvaðst hann þá, í ljósi framburðar Lárusar Óskarssonar, ætla að taka saman greinargerð um þessi viðskipti og afhenda hana rannsóknurum. Tryggvi afhenti lögreglu fyrir í dag greinargerð um sláttuvélakaupin í tengslum við yfirheyrslu vegna American Express.

Tryggvi segir að þessar sakargiftir séu fáránlegar, hann bendi á að færa hefði átt þessi aðflutningsgjöld á viðskiptareikning hans hjá Baugi og hann hafi ekki haft ásetning til þess að draga að sér þessi gjöld.

Tryggvi segir að hann hafi ekki fylgst náið með viðskiptareikningi sínum hjá Baugi og því ekki gengið úr skugga um það að hann hefði verið rúkkadur um þessa fjárhæð. Tryggvi segir að hann hafi oftast átt inneign á viðskiptareikningi sínum og hafi hann því ekki haft áhyggjur af þessari greiðslu.

Með vísan til framburðar Lárusar Óskarssonar segir Tryggvi að honum þætti eðlilegt teknar verði skýrslur af Einari Þórisssyni og Jóhannesi Jónssyni.

Yfirheyrslu lauk kl. 12²⁰.


Upplesið staðfest rétt eftir haft:



Tryggvi Jónsson

Skýrsluna skráði:


Aldís Hilmarsdóttir

Viðstaddur yfirheyrsluna:


Andri Árnason, hrl


Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi

06657

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	RLS
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V/1.18
Staður og stund: Skrifstofa efnahgsbrotadeildar RLS, mánudaginn 23. maí 2005, kl. 14:05		
Sakarefni: Ætlaður fjádráttur, brot á lögum um bókhald		
Vitni: Tryggvi Jónsson	Kennitala: 140755-2739	
Starf/staða: Fyrirverandi forstjóri Baugs hf.	Vinnusími: 691 8888	
Löghheimili: Vesturhúsum 22, Reykjavík	Sími: 567 6363	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu efnahgsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar 95 milljón króna greiðslu úr sjóðum Baugs þann 15. júní 2001, sem og viðskipti Baugs hf með hlutabréf í Arcadia og uppgjör í tengslum við yfirtöku Baugs hf á A-Holding, dótturfélagi Baugs hf.

Tryggva er kynnt að 95 milljón króna greiðslan hafi verið til rannsóknar með tilliti til ákvæða 247. gr. alm. hgl. og í ljósi fyrirliggjandi gagna um ráðstöfun umræddra fjármuna, stöðu hans hjá Baugi hf. á þessum tíma og annarra aðstæðna málsins, sé talið rétt að hann njóti réttarstöðu sakbornings við þessa yfirheyrslu.

Tryggva er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hann ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hann vilji. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kys að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstaddur yfirheyrsluna er Andri Árnason, hrl. skipaður verjandi Tryggva.

Tryggvi kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig.

Viðstaddur yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi.

Tryggva er kynnt að þann 15. júní 2001 hafi 95 milljón króna greiðsla borist frá Baugi hf. til Kaupthings Bank Luxembourg inn á reikning 1100-26-454080. Tryggvi er spurður hvort hann viti eitthvað um þá greiðslu.

Tryggvi segir að hann geri ráð fyrir því að um sé að ræða þóknun Gaums vegna Arcadia bréfa. Aðspurður um hvort hann geti skýrt þetta nánar segir Tryggvi að Baugur, Gaumur, Kaupþing, FBA og Gilding hafi stofnað félagið A-Holding í Luxembourg. Tryggvi segir að tilgangur stofnunarinnar hafi verið sá að halda utan um hluti stofnendanna í Arcadia og auka við þann hlut.

Tryggvi segir að hann hafi verið stjórnarmaður í A-Holding en þetta verkefni hafi verið á könnu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóns Schevings Thorsteinssonar. Tryggvi segir að hann hafi því komið mjög lítið að þessu verkefni enda upptekinn við verkefni Baugs í Bandaríkjunum. Tryggvi segir að eftir því sem hann muni hafi eigendur A-Holding hafi gert samning við Baug þess efnis að Baugur ætti rétt á að kaupa innan ákveðins tíma hlutabréf allra stofnenda A-Holding í félaginu á fyrirfram ákveðnu verði. Tryggvi segir að rekstur Arcadia hafi síðan þróast á mjög jákvæðan hátt og því hafi Jón Ásgeir lagt á það áherslu að kaup Baugs á hlutabréfum í A-Holding yrðu fyrir en áætlað hafi verið. Tryggvi segir að hann muni m.a. eftir fundi sem hann hafi verið á með Jóni Ásgeiri og Hreiðari Má frá Kaupþingi þar

06658

sem tekist hafi verið á um þóknun sem Kaupþing fengi fyrir að falla frá samningnum sem gerður hafði verið á milli Baugs og annarra stofnenda A-Holding.

Tryggvi er spurður hvenær og hvernig hann hafi fengið upplýsingar um þessa greiðslu.

Tryggvi segir að hann muni það ekki en segir að þær upplýsingar hafi hann fengið síðar. Aðspurður um hver hafi kynnt honum greiðslun kveðst hann ekki muna það.

Tryggva er kynnt að í bókhaldi Baugs hafi umrædd greiðsla kr. 95.000.000,- frá 15. júní 2001, verið færð sem krafa vegna útlagðs kostnaðar vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia. Textinn á færslunni var "Ráðgjöf v/A-holding" og fylgiskjal að baki færslunni var útskrift á tölvupósti frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni til linda@baugur.is þar sem fyrimæli voru um að greiða fyrrgreinda fjárhæð inn á reikning hjá Kaupþingi Ármúla. Inn á þessa útprentun á tölvupóstinum hefur verið handskrifað m.a. "eignfæra", "Ráðgjöf v/A-holding", "Viðskiptafæra á Baug Holding" og loks "Vantar reikning". Umrætt fylgiskjal er jafnframt borið undir Tryggva.

Tryggvi er nú spurður hvort hann geti á einhvern hátt gert grein fyrir þessari greiðslu sem barst frá Baugi til Kaupþings Luxembourg og samkvæmt skýringum í bókhaldi Baugs skýrð sem ráðgjafargreiðsla til Kaupþings vegna A-Holding.

Tryggvi segir að hann hafi ekki séð þetta fylgiskjal áður en hans mat sé að það hafi verið eðlilegt að eignfæra þessa greiðslu. Varðandi textann kveðst Tryggvi ekki vilja segja til um hvort sé nákvæmlega réttur. Tryggvi segir að hann hafi ekki komið að þessu þar sem hann hafi verið upptekinn við önnur verkefni.

Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan bókunarmáta greiðslunnar.

Tryggvi segir að á þessum tímapunkti hafi hann ekki vitað um þennan bókunarmáta. Aðspurður um hvers vegna þóknun til Gaums sé greidd til Kaupþings kveðst Tryggvi ekki geta sagt til um ástæðu þess.

Tryggva er kynnt að við rannsókn lögreglu hafi komið í ljós að umrædd 95 milljón króna greiðsla hafi ekki runnið til Kaupþings Luxembourg, heldur sem hlutafjárframlag Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Gaums ehf til FBA Holding SA, dótturfélags Orca SA, en Jón Ásgeir og Gaumur ehf hafi átt u.þ.b. 25% eignarhlut í Orca SA, á þessum tíma. Tryggvi er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þessa ráðstöfun greiðslunnar.

Tryggvi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um ráðstöfunina. Aðspurður um hvort hann hafi vitað um hlutafjárukningu í FBA Holding segir Tryggvi að honum hafi ekki verið kunnugt um það.

Undir Tryggva er borinn reikningur sem gefinn var út af Baugi þann 28.02.2002, reikningurinn er nr. SR05724, stílaður á A-Holding. Virðist sem þar sé verið að færa til skuldar á A-Holding fyrir útlögðum kostnaði, samtals að fjárhæð 425,3 mkr. Tryggva er bent á að í sundurliðun reikningsins komi fram fjárhæðin 95.000.000 króna með skýringunni "Paid to Kaupthing (GBP 710.015)". Tryggvi er spurður hvort hann hafi séð þennan reikning áður og hvort hann geti útskýrt þann lið reikningsins sem segir "Paid to Kaupthing (GBP 710.015)", en af textanum megi ætla að um sé að ræða greiðslu til Kaupþings fyrir veitta þjónustu.

Tryggvi segir að hann muni ekki hvort hann hafi séð reikninginn en kveðst kannast við fjárhæðina 95 milljón króna. Tryggvi kveðst halda að með þessum reikningi sé verið að færa efnahagsliði frá móðurfélagi til dótturfélags en á þessum tíma hafi A-Holding verið orðið dótturfélag Baugs. Tryggvi segir að verið geti að við gerð reikningsins hafi verið tekið upp af færslublaðinu textinn „Paid to Kaupthing“.

Tryggvi er spurður hvort endurskoðendur félagsins hafi gert athugasemdir vegna færslu 95 milljón króna greiðslunnar við hann, ef svo er þá í hvaða formi það hafi verið gert.

Tryggvi kveðst ekki minnst slíkra athugasemda en bendir á að nokkuð mörg ár séu liðin frá þessu.

Tryggva er kynntur tölvupóstur frá Önnu Þórðardóttur til Tryggva Jónssonar frá 01.11.2001, sem fannst við rannsókn lögreglu á tölvu Tryggva. Í tölvupóstinum er Anna að fjalla um uppsetningu á bókhaldi Baugs Holding og A-Holding. Viðhengi með tölvupóstinum er fundargerð frá fundi í Luxembourg. Umrædd fundargerð sem send var sem viðhengi með tölvupóstinum er dagsett þann 27.09.2001 og fundarmenn sagðir hafa verið Tryggvi Jónsson og Jóhanna Waagfjörð frá Baugi, Magnús og Eggert frá Kaupþingi Lux og Anna Þórðardóttir frá KPMG. Í umræddri fundargerð kemur m.a. fram “95 millj. kr. voru greiddar til Kaupþings af Baugi hf. Tryggvi vissi ekki hvaða greiðsla þetta var en hann ætlar að ræða málið við Jón Ásgeir.”

Tryggvi er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessari umfjöllun um umrædda greiðslu sem fram fór á fundinum.

Tryggvi segir að hann muni ekki sérstaklega eftir þessum fundi.

Tryggvi er spurður hvort hann hafi rætt þessa greiðslu við Jón Ásgeir, sbr. tölvupóstinn, og þá hvort hann hafi fengið skýringar vegna greiðslunnar.

Tryggvi kveðst ekki muna hvort hann ræddi þessa greiðslu að fjárhæð 95 milljónir við Jón Ásgeir.

Tryggvi er spurður hvort hann kunni einhverjar skýringar á því að yfirmönnum á fjármálasviði Baugs og endurskoðendum hafi ekki verið kunnugt um þessa 95 milljón króna greiðslu á þessum tíma.

Tryggvi segir að kunni ekki skýringu á þessu en bendir á að þó hann hafi verið yfirmaður fjármála þá hafi margt annað verið á hans könnu sem aðstoðarforstjóra félagsins og margt á fjármálasviði Baugs hafi honum ekki verið kunnugt um.

Fyrir Tryggva er lögð skjöl úr vinnublöðum endurskoðenda Baugs dags. 21. maí 2002 þar sem verið er að stilla upp ársreikningi fyrir A-Holding. Undir liðnum „Eignfært á fjárfestingu í A Holding“ sé undirliður „Útlagður kostnaður af Baugi v. Kaupþings“ samtals GBP 710.015.

Tryggvi er spurður hver sé skýring þess að enn sé sama skýring vegna þessara 95 milljóna króna (GBP 710.015). Tryggvi kveðst enga skýringu hafa á þessu.

Undir Tryggva eru bornar fundargerðir stjórnar Baugs hf. frá 29.01.2001, 16.03.2001 og 04.05.2001. Samkvæmt fundargerðunum var Tryggvi Jónsson viðstaddur og er Tryggvi beðinn um að gera grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum stjórnar Baugs í tengslum við viðskipti er varða kaup Baugs og annarra íslenskra aðila á hlutabréfum í Arcadia og stofnun félagsins A-Holding, gagngert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia.

Tryggvi óskar eftir að fá að sjá fundargerð Baugs frá 12. janúar 2001. Fundargerðin er lögð fyrir hann.

Tryggvi segir að hann geti engu bætt við það efni sem fram kemur í fundargerðunum varðandi þessi viðskipti með hluti í Arcadia.

Tryggva er kynnt að lögregla hafi í þágu rannsóknar málsins fengið afhentan hluthafasamning hluthafa A-Holding, frá 4. apríl 2001. Jafnframt var þann sama dag gerður samningur “Deed of Call Option” sem er á milli Baugs og A-Holding. Þar fær Baugur kauprétt til að kaupa hlutabréf A-Holding í Arcadia

á fyrirfram skilgreindu verði á fyrirfram skilgreindu tímabili, þ.e. að Baugur ætti rétt á að kaupa öll hlutabréf A-Holding í Arcadia með 34% álagi á kostnaðarverð A-Holding, fyrir þann 28. febrúar 2002, auk þess sem Baugur tæki á sig þann kostnað sem A-Holding hafði haft vegna hlutabréfanna, samanber t.l. 3.C í samningnum. Tryggvi er spurður hvort hann þekki þessa samninga.

Tryggvi kveðst hafa vitað af þessum samningum en kveðst ekki muna hvort hann hafi séð samningana áður. Tryggvi kveðst aðspurður ekki hafa komið að gerð samninganna.

Tryggvi er spurður hvernig fjallað hafi verið um þessa samninga á þeim stjórnarfundum sem hann sjálfur sat.

Tryggvi kveðst ekki muna nákvæmlega hvað fram fór á stjórnarfundunum enda langt um liðið.

Samkvæmt gögnum sem Hreinn Loftsson stjórnarformaður Baugs Group hf. hefur afhent lögreglu var þessi kaupréttarsamningur ekki nýttur af hálfu Baugs heldur gert nýtt samkomulag um yfirtöku Baugs á A-Holding. Í því sambandi er kaupsamningur dags. 10. maí 2001, borinn undir Tryggva, en samkvæmt honum keypti Baugur alla hluti í A-Holding með 16% álagi og greiddi með hlutabréfum í Baugi á genginu 12,6. Verðið er skilgreint í 2. gr. samningsins og útreiknað á Schedule 1 með samningnum og þar skipt á hluthafa ásamt greiðslu í hlutabréfum í Baugi. Tryggvi er spurður hvernig fjallað hafi verið um þennan nýja samning á þeim stjórnarfundum sem hann sjálfur sat.

Tryggvi kveðst ekki muna umræður frá stjórnarfundum Baugs vegna þessa. Aðspurður hvort hann hafi tekið þátt í gerð samningsins frá 10. maí 2001 segir Tryggvi svo ekki vera.

Tryggvi er spurður hvort hann viti til þess að hluthafarnir í A-Holding hafi fengið einhverjar aðrar greiðslur fyrir að falla frá kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001 og samþykkja samninginn frá 10. maí 2001, í tengslum við kaup Baugs á öllu hlutafé í félaginu, sem samkvæmt samningnum var greitt með hlutabréfum í Baugi.

Tryggvi segir að hann minni að Kaupþing hafi fengið rúmlega 300 milljónir króna, Íslandsbanki rúmlega 200 milljónir króna og Gaumur 95 milljónir króna fyrir að falla frá samningi dags 4. apríl 2001 og taka samning dags. 10. maí 2001. Tryggvi segir að langt sé um liðið og því kunni fjárhæðir að hafa verið aðrar þó sig minni þetta nú. Tryggvi segir að hann minni að Gilding hafi ekki fengið samsvarandi bætur þar sem þeir höfðu ekki greitt inn hlutafé sitt í A-Holding. Tryggvi kveðst aðspurður ekki muna hvað hver og einn eiganda A-Holding hafi fengið úr út samningi dags. 10. maí 2001 en vísar til þess að þeir hafi fengið 16% álag á hlut sinn í A-Holding.

Tryggvi er spurður hvort hann kannist við og e.a. hvort fjallað hafi verið um það á fundum stjórnar Baugs að greiddar yrðu sérstakar bætur eða þóknanir til hluthafa í A-Holding SA, fyrir að falla frá kauprétti í Arcadia.

Tryggvi kveðst ekki muna það.

Tryggvi er spurður hvort Jón Ásgeir Jóhannesson hafi haft almenna heimild frá stjórn Baugs til að gera samninga við Gaum, sem hann jafnframt er eigandi að, án þess að bera slíka samninga undir stjórn Baugs, eða gera grein fyrir þeim gagnvart stjórn Baugs.

Tryggvi segir að hann haldi að Jón Ásgeir hafi fengið umboð stjórnar Baugs til að kaupa meðhluthafa Baugs í A-Holding út úr félaginu.

Tryggvi er spurður hvort Jón Ásgeir Jóhannesson hafi haft umboð stjórnar Baugs til að greiða hluthöfum A-Holding aukalega þóknanir umfram það kaupverð sem getið er í samningnum frá 10. maí 2001.

Tryggvi segir að á stjórnarfundum Baugs í New York hafi Jón Ásgeir fengið umboð stjórnar Baugs til að kaupa aðra hluthafa í A-Holding út. Tryggvi kveðst ekki muna hvort umboðið hafi verið rýmra sem Jóni Ásgeiri var gefið á stjórnarfundinum heldur en fram kemur í samningnum frá 10. maí 2001.

Kl. 15:32 er gert hlé á yfirheyrslunni.

Kl. 15:42 er yfirheyrslu framhaldið.

Tryggva er kynnt að Hreinn Loftsson hafi afhent lögreglu greinargerð þann 28.05.2004, ásamt fylgigögnum. Greinargerðin er undirrituð af Hreini Loftssyni sem formanni stjórnar Baugs Group hf. Í þeirri greinargerð leitast hann við að skýra ákveðna þætti rannsóknarinnar, m.a. þann þátt sem snýr að 95 milljón króna greiðslu úr sjóðum Baugs, dags. 15.06.2001.

Tryggva er kynnt að í 4. tl. greinargerðarinnar, sem lýtur að 95 milljón króna greiðslunni, komi m.a. eftirfarandi fram: „*Auk kostnaðar, sem A-Holding greiddi samkvæmt e-lið 2. gr. sammingsins, fengu stofnahluthafar sérstaka greiðslu frá Baugi, m.a. á grundvelli 5. gr., fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu.*“

Tryggva er kynnt að Hreinn hafi borið við yfirheyrslu hjá lögreglu að í greinargerð sinni hafi hann verið að vísa til e-liðar 2. gr. sammingsins frá 10. maí 2001 og 5. gr. sama sammings.

Undir Tryggva er þá borin 5. grein sammingsins frá 10. maí 2001:

“5. Costs and expenses

Baugur shall pay the costs and expenses incurred by all parties in relation to the negotiation, preparation, execution and carrying into effect of this Agreement, as well as all present and future stamp, documentary and other like duties and taxes (including, without limitation, stamp duty reserve tax), if any, to which this Agreement may be subject or give rise (including, without limitation, on any transfer of Shares and Bonds pursuant to the exercise of the Share transfer) and will indemnify the Sellers against any and all liabilities with respect to or resulting from any delay or failure by Baugur to pay any such duties or taxes”

Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir því hvar í greininni, eða í samningnum megi lesa það út að greiða eigi bætur til hluthafanna fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu.

Tryggvi kveðst ekki hafa séð þennan samning fyrir en í dag og segir að hann þekki ekki ákvæði sammingsins til að túlka hann.

Tryggvi er spurður hvort ákvarðanir um slíkar greiðslur, ef þær hafa átt sér stað, hefði átt að bera undir stjórn félagsins.

Tryggvi kveðst vísa í sitt fyrr svar að hann minni að Jón Ásgeir hafi fengið umboð á stjórnarfundum til að ganga til samninga við hlutahafa A-Holding um að kaupa þá út úr félaginu.

Með greinargerð sinni lagði Hreinn Loftsson fram ýmis gögn, s.s. reikninga frá Kaupþingi og Íslandsbanka sem má skilja sem svo að séu bætur vegna þess að fallið var frá kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001. Þeir reikningar verða nú bornir undir Tryggva og hann beðinn um að gera nánari grein fyrir hverjum og einum þeirra, þá sérstaklega hvernig megi heimfæra þá undir greiðslu til hluthafa A-Holding fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu, samkvæmt samningnum um kauprétt Baugs frá 4. apríl 2001 og samþykkja samninginn frá 10. maí 2001.

Undir Tryggva eru nú bornir þrjú reikningar sem útgefnir voru af Kaupþingi og stílaðir á A-Holding, samtals að fjárhæð um 383 milljónir króna. Allir reikningarnir eru með sama texta "Investment banking services."

Reikningur að fjárhæð 300.000.000 króna, dagsettur 30. mars 2001, eða áður en kaupréttarsamningur, dags. 4. apríl 2001, var gerður og áður en endanlegur kaupsamningur var gerður þann 10. maí 2001. Tryggvi er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum reikningi.

Tryggvi kveðst ekki minnst þess að hafa séð þennan reikning og kveðst ekki þekkja nákvæmlega færslur á bak við bætur til Kaupþings. Aðspurður um hvort hann viti tilefni þessa reiknings þá kveðst Tryggvi ekki þekkja það.

Reikningur að fjárhæð 47.000.000 króna, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða þóknun til Kaupþings hf. fyrir þjónustu, samanber skilgreiningu í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí en þar segir að Kaupþing hf. eigi að fá greitt m.a: "*ISK 47,000,000 for arranging the co-operation with Deutsche Bank and for other services in connection with the purchase of Arcadia shares and the establishment of A Holding S.A.*" Tryggvi er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum reikningi.

Tryggvi kveðst vísa til sína fyrra svars varðandi spurningu um reikning að fjárhæð kr. 300.000.000,00.

Reikningur að fjárhæð 36.036.612 krónur, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða greiðslu samkvæmt E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, en þar virðist Kaupþingi falið að greiða allan ógreiddan kostnað A-Holding á samningsdegi. Tryggvi er beðinn um að skýra þetta nánar.

Tryggvi kveðst vísa til fyrri svara.

Undir Tryggva er borinn samningur milli Baugs Holding S.A. og Kaupþings frá 4. maí 2001 sem varðar aðkomu Kaupþings að kaupum á 20,1% eignarhlut í Arcadia í gegnum A Holding S.A., yfirtöku á öllu hlutafé í Bill's Dollar Stores Inc og til að leita að öðrum vænlegum fjárfestingarmöguleikum í Bandaríkjunum og Evrópu. Tryggvi er spurður hvort hann þekki undirritun sína á samningnum og beðinn um að gera nánari grein fyrir samningnum.

Tryggvi kveðst staðfesta undirskrift sína. Tryggvi kveðst engu við efni samningsins hafa að bæta. Tryggvi segir að hann telji ástæðu þess að Baugur Holding geri samninginn en ekki A-Holding sé sú að samningurinn hafi einnig náð til vinnu vegna Bill's Dollar Stores og þess vegna hafi hann ritað undir samninginn þar sem verkefni í Bandaríkjunum hafi verið á hans könnu. Tryggvi segir að fyrir í yfirheyrslunni hafi hann bent á að hann minnti að á fundi sem hann var á með Jóni Ásgeiri og Hreiðari Má hafi verið tekist á um fjárhæðir þess sem Kaupþing ætti að fá í bætur. Tryggvi telur að þessi samningur geti verið niðurstaða þeirra umræðna um greiðslur.

Tryggva er kynnt að Kaupþing hafi lagt þennan samning til grundvallar þeim reikningi að fjárhæð 300.000.000 króna, dagsettur 30. mars 2001, sem þegar hefur verið borinn undir hann. Varðandi hina tvo reikningana frá Kaupþingi þá hefur lögregla fengið þær skýringar frá þeim starfmönnum bankans sem yfirheyrðir hafa verið að þeir eigi að öllum líkindum við E. lið 2. gr. samningsins frá 10. maí 2001.

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessara skýringa starfsmanna Kaupþings.

Tryggvi kveðst ekki geta tekið neina sérstaka afstöðu til þessa.

Undir Tryggva eru bornir fjórir reikningar sem útgefnir voru af Íslandsbanka og stílaðir á A-Holding. Um er að ræða eftirfarandi reikninga:

Reikningur að fjárhæð kr. 33.175.000,-, dagsettur 5. apríl 2001, vegna ábyrgðarþóknunar til Deutsche Bank, GBP 250.000. Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Tryggvi kveðst ekki muna hvort hann hafi séð þennan reikning. Tryggvi segir að hann rámi í að Íslandsbanki hafi verið í ábyrgð gagnvart Deutsche Bank að fjárhæð GPB 25.000.000 en kaup á hlutabréfum í Arcadia voru fjármögnuð af Deutsche Bank.

Reikningur að fjárhæð kr. 35.000.000,- dagsettur 14.06.2001, vegna umsaminnar þóknunar fyrir ábyrgð vegna endurkaupasamnings A-Holding við Deutsche Bank. Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Tryggvi kveðst ekki muna hvort hann hafi séð þennan reikning en kveðst þó ekki útiloka það.

Reikningur að fjárhæð 42.046.568, dagsettur 4. apríl 2002, er vegna ábyrgðarþóknunar kr. 34.630.000,- til Íslandsbanka, sem gjaldféll 30. apríl 2001, auk dráttarvaxta kr. 7.416.568,- vegna greiðsludráttis. Í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, er ákvæði um að greiða eigi Íslandsbanka þessa ábyrgðarþóknun, ISK 34.630.000. Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Tryggvi kveðst vísa til fyrra svars.

Reikningur að fjárhæð kr. 11.143.750,- frá 5. apríl 2002, ábyrgðarþóknun fyrir tímabilið 5. apríl 2002 til 5. maí 2002. Tryggvi er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Tryggvi kveðst vísa til fyrra svars.

Tryggva er kynnt að lögregla hafi aflað upplýsinga um þessa reikninga frá Íslandsbanka og hafi fengið þær skýringar að allir þeir reikningar frá bankanum sem bornir hafa verið undir hann varði ábyrgðarþóknun sem bankinn innheimti vegna ábyrgðar bankans á endurkaupasamningi A Holding við Deutsche Bank vegna eignarhluta A Holding í Arcadia Group. Tryggvi er spurður hvort hann hafi eitthvað um það að segja.

Tryggvi kveðst ekkert hafa um það að segja. Aðspurður um hvar sé hægt að heimfæra þóknun til Íslandsbanka þegar þessir reikningar eru allir vegna ábyrgðarþóknunar segir Tryggvi að hann geti ekki skýrt það.

Undir Tryggva er borin fundargerð stjórnar Baugs frá 4. maí 2001, en þar segir m.a. í 5. tölulið:

“JAJ described the proposal to the Board of buying our partners in A Holding which holds 20% in Arcadia, and pay them with shares in Baugur at the rate of 12,6 per share in Baugur. The purchase price would be 9 bill. Icel. kr. and paid with nominal value of shares in Baugur amounting to 446 mill., which equals 5,6 bill. In market value. The difference of 3,4 bill. is a loan from Deutsche Bank to A Holding...”

“The Board accepted the proposal to buy out partners in A Holding. The management was instructed to carry out this decision.”

Umrædd tillaga Jóns Ásgeirs felur í sér skýra lýsingu á því hvað eigi að kaupa og hvernig eigi að greiða fyrir kaupin. Framkvæmdastjórn er síðan falið af stjórn félagsins að framkvæma þá ákvörðun. Tryggvi er spurður hvort hann telji að í umræddri ákvörðun stjórnar felist heimild til framkvæmdastjórnar að greiða hluthöfunum viðbótargreiðslur umfram þá tillögu sem stjórnin samþykkti, svo nemi hundruðum milljóna króna.

Tryggvi segir að hann telji að verið geti að umræður á fundinum hafi gefið tilefni til þess að í umboði stjórnarinnar hafi falist umboð til Jóns Ásgeirs um að greiða viðbótarþóknun til hluthafa í A-Holding. Tryggvi kveðst þó aðspurður ekki muna hvort slíkar umræður hafi verið á stjórnarfundinum dags. 4. maí 2001.

Tryggvi er spurður hvort tekin hafi verið ákvörðun um það innan stjórnar Baugs að greiða eftirfarandi hluthöfum í A-Holding, aukalegar þóknunir við yfirtöku Baugs á A-Holding sem hér segir: Kaupþingi 300-400 milljónir króna, Íslandsbanka um 70-75 milljónir króna og Gaumi 95 milljónir króna. Samtals 470-570 milljónir króna umfram það kaupverð sem getið er í samningnum frá 10. maí 2001, sem greitt var með hlutabréfum í Baugi-Group hf., sbr. skýringar Hreins Loftssonar í greinargerð dags. 28. maí 2004.

Tryggvi kveðst ekki þekkja það.

Tryggva er kynnt að ekki sé hægt að finna því stað í fundargerðum stjórnar Baugs frá þessum tíma að ákvörðun hafi verið tekin um að greiða hluthöfum A-Holding viðbótarþóknun umfram umsamið kaupverð við yfirtöku Baugs á A-Holding. Er það í samræmi við þær tilkynningar sem Baugur hefur sent frá sér til Kauphallar Íslands varðandi yfirtökuna á A-Holding. Þá hafa Hreinn Loftsson stjórnarformaður Baugs hf. sem og fyrrverandi stjórnarmenn Baugs, þau Guðfinna Bjarnadóttir og Þorgeir Baldursson borið því við í skýrslutöku hjá lögreglu að þau reki ekki minni til þess að rætt hafi verið um slíkar viðbótarþóknunir á stjórnarfundum Baugs. Ennfremur hafi Árni Oddur Þórðarsson, sem starfaði hjá Gildingunni á umræddu tímabili, greint frá því við skýrslutöku hjá lögreglu að aldrei hafi verið rætt um neinar viðbótargreiðslur við yfirtökuna, umfram umsamið kaupverð eins og það kemur fram í samningnum frá 10. maí 2001. Árni Oddur kvaðst jafnframt hafa setið hluthafafund Baugs þar sem ákvörðun var tekin um að auka hlutfé í félaginu um 500 milljónir að nafnverði til að greiða hluthöfum A-Holding við yfirtökuna. Þar hafi heldur ekki verið rætt um viðbótargreiðslur til hluthafa A-Holding. Þar að auki hafa fyrrverandi hluthafar í A-Holding ekki getað framvísað neinum þeim bókhaldsgögnum eða samningum sem bera það með sér að tengjast slíkum viðbótargreiðslum.

Tryggvi er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Tryggvi kveðst vísa til fyrra svars varðandi umræður á stjórnarfundum dags. 4. maí 2001. Tryggvi segir að umræður á fundinum geti hafa verið með þeim hætti að Jón Ásgeir hafi haft umboð til greiðslu frekari þóknana til hluthafa A-Holding en fram koma í samningnum frá 10. maí 2001. Tryggvi kveðst þó ítreka að hann muni ekki eftir þessum umræðum.

Tryggva er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar dags. 21. september 2004 og verði nú lagðar fyrir hann spurningar í tengslum við hana.

Tryggva er kynntur eftirfarandi texti úr greinargerð Jóns Ásgeirs: „*Gaumur Holding átti tvímælalaust rétt til sambærilegra greiðslna og hinir stofnahluthafarnir í A-Holding höfðu fengið og það er algerlega ljóst að þátttaka og ráðgjöf Gaums í verkefninu var ekki síður mikilvæg en þeirra.*“

Tryggvi er beðinn um að skýra í hverju ráðgjöf Gaums Holding sem Jón Ásgeir nefnir í greinargerð sinni hafi verið fólgin.

Tryggvi segir að Gaumur hafi verið í forsvari fyrir verkefnið og leitt það framan að. Hugmyndin hafi komið þaðan, þeir hafi komið auga á tækifærið og í þessu hafi ráðgjöf þeirra m.a. verið fólgin.

Tryggva er kynnt að í greinargerð Jóns Ásgeirs dags. 21. september 2001 komi fram eftirfarandi skipting á 95 millj. kr. greiðslu til Gaums Holding: „...ábyrgðarþóknun gagnvart lánnum A-Holding og var sú ábyrgð metin á 95 þús. GBP, þá átti Gaumur Holding rétt á endurgreiðslu bankakostnaðar upp á

125 þús. GBP, greiðslu fyrir að falla frá rétti skv. viðaukanum 465 þús GBP – sú fjárhæð tók mið af sambærilegu uppgjöri við hina stofnhluthafana í A-Holding - auk annars kostnaðar upp á um 25 þús GBP. Samtals eru þetta um 710 þús GBP eða 95 millj. kr.“

Tryggvi er spurður hvort hann geti skýrt þessa skiptingu og hvað hafi legið að baki hverjum lið.

Tryggvi segir að hann þekki ekkert til þessarar skiptingar hjá Gaumi.

Tryggva er nú kynnt að formlegri yfirheyrslu sé lokið.

Tryggvi er spurður hvort hann vilji koma á framfæri einhverjum athugasemdum varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Tryggvi kveðst engu hafi við framburð sinn að bæta.

Tryggvi les nú yfir framburð sinn.


Tryggvi hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasemdum.

Skýrslutöku lauk kl. 17⁰⁷.

Staðfest rétt eftir haft,


Tryggvi Jónsson


Skýrsluna skráði,


Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Þáttakandi í yfirheyrslunni,


Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi

Verjandi Tryggva,


Andri Arnason, hrl.